

er lengst hefir á jörð búið; ef tveir eða fleiri hafa jafnlengi búið, þá sá, er eldri eða elstur er að aldri, eða ef eru jafnir að áratölu, þá ræður hlutkesti. Ef ekki er um jarðarabúanda að tala, þá tekur sá, er elstur er af afkomendum sæti í stjórninni, og kona ef eigi er karl; utansýslubúi, ef enginn er innan sýslu. Meðan Einar Hjaltason er á lífi, er hann sjálfkjörinn stjórnarnefndarmaður. Annar maður í stjórn skal vera oddviti Hvammshrepps, en hinn þriðja tilnefnir sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, til 10 ára í senn, og skal hann vera búsettur í greindum hreppi. 43
10. apríl

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum hans fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert. Skulu þeir síðan sendir endurskoðendum sjóðsins, sem eru 2 menn, annar hreppstjóri Hvammshrepps, hinn tilnefndur af Búnaðarfjelagi Hvammshrepps á 5 ára fresti.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari. Breytingar á ákvæðum hennar síðar skulu því aðeins gildar, að stjórn sjóðsins leggi þær til, sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu gefi þeim samþykki sitt og konungur staðfesti þær á venjulegan hátt.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningar- 44
sjóð Jóhannesar Sigtryggssonar, útgefin á venjulegan hátt ad man- 12. apríl
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. apríl 1928. Skipulagsskrá-
in er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

minningarsjóð Jóhannesar Sigtryggssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jóhannesar Sigtryggssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá, sem sjúkir eru af berkla-
veiki, eða þeim öðrum sjúkdómum, er geislalækninga þarfnast, og eiga
heimili eða sveitfesti í Akra- eða Viðvíkurhreppi, þegar þeir þurfa læknis-
hjálp vegna veikinda sinna. Þó skal ekki veita þeim styrk, sem annað-

44 hvort hafa þegið sveitarstyrk, sem ekki er endurgoldinn, eða eru svo vel
12. apríl efnum búnir, að stjórn sjóðsins telur þá ekki í þörf fyrir styrk.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð kr. 1200,00 — tólf hundruð krónur. Það er gefið af vinum og vandamönnum Jóhannesar sál. Sigtryggssonar frá Framnesi í Skagafirði, er druknaði í Hjeraðsvötnum 23. júní 1919.

4. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum fyr en hann er orðinn kr. 2400,00 — tvö þúsund og fjögur hundruð krónur. Þá má úthluta allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna, en afgangurinn legst við höfuðstólinn, þar til hann hefir náð kr. 5000,00 — fimm þúsund krónum. Úr því koma allir ársvextirnir til úthlutunar, ef þörf gerist, annars leggjast þeir — ásamt öðru, er sjóðnum kann að hlotnast — við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparissjóði Sauðárkróks — ásamt þeim hluta árlegra vaxta, er ekki gengur til úthlutunar — þar til reist verður önnur lánsstofnun innan Skagafjarðarsýslu, er borgar hærri innlánsvexti, enda sje þar jöfn trygging fyrir vexti og viðhaldi sjóðsins, að álitu stjórnar-nefndar.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón og eftirliti þriggja manna stjórnar, er þannig sje skipuð: Formaður hennar sje hjeraðslæknirinn á Sauðárkróki, og meðstjórnendur hreppstjórnarnir í Akra- og Viðvíkurhreppi, eða þau stjórnarvöld, er kunna að koma í þeirra stað.

7. gr.

Stjórnin hefir á hendi úthlutun úr sjóðnum, og þarf ekki að senda henni umsóknir. Henni ber að senda árlega reikninga sjóðsins sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til endurskoðunar, eða því stjórnarvaldi, er kann að koma í hennar stað. Stjórnin fær enga borgun fyrir störf sín.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Framnesi, 16. maí 1927.

Sigurlaug Jóhannesdóttir.